



Ályktun 7. þings Samiðnar um lífeyrismál

Þing Samiðnar krefst þess að jöfnuði í lífeyrismálum verði náð með jákvæðri mismunun í gegnum almannatryggingarkerfið og þannig verði öllum tryggð 76% af meðallaunum

Meðan endurskoðun á lífeyrisjóðakerfinu er ekki lokið og ekki búið að ná jöfnuði milli þeirra opinberu og almennu er rétt að beita mismunun þannig að tekjur sem einstakir eftirlaunaþegar á almennum vinnumarkaði hafa aflað sér, svo sem, greiðslur frá lífeyrissjóði, launa- og fjármunatekjur af almennum sparnaði skerði ekki greiðslur frá almannatryggingum

Þing Samiðnar leggur áherslu á að unnið verði hratt og vel að því að ljúka endurskoðun á íslenska lífeyriskerfinu sem fyrirheit voru gefin um í kjarasamningum árið 2011 verði lokið fyrir árslok 2013. Krafan er skýr; eitt samræmt lífeyriskerfi fyrir alla landsmenn sem tryggir góða afkomu lífeyrisþega og hindrar ekki eðlilegt flæði starfsmanna á milli opinbera vinnumarkaðarins og hins almenna.

Mikilvægt er að skapa víðtæka sátt um hlutverk íslensku lífeyrissjóðina, gera sjóðunum kleift að gegna sínu hlutverki, skapa efnahagsskilyrði sem gerir þeim mögulegt að ávaxta eignir sínar. Jafnframt á að gera ríkar kröfur til lífeyrissjóðanna um að þeir sýni samfélagslega ábyrgð, gegnsæi í störfum og siðferðislegt mat sé lagt til grundvallar í starfsháttum og athöfnum þeirra.

Í umræðum stjórnámálanna um skuldavanda heimilanna kemur reglulega upp krafa um að eignir lífeyrissjóða verði nýttar til að greiða niður skuldir. Samiðn lítur á slíkar yfirlýsingar sem stríðsyfirlýsingu á hendur launamönnum og frjálsum samningsrétti launafólks sem brugðist verður hart við. Samiðn leggst gegn öllum hugmyndum um skattlagningu á lífeyrissjóði.

Og bendir á að með samtíma skattgreiðslu lífeyris munu eftirlaunaþegar framtíðarinnar standa sjálfir undir megin kostnaði þess opinbera vegna þjónustu við þá.

Greinargerð með ályktun um lífeyrismál

Í kjarasamningum árið 1969 var lagður grundvöllur að núverandi lífeyriskerfi með stofnun almennu lífeyrissjóðanna. Frá upphafi hefur kerfið grundvallast á sjóðssöfnun með það að markmiði að hver kynslóð leggi til hliðar hluta launa sinna til að fjármagna lífeyri við starfslok eða brotthvarf af vinnumarkaði vegna skertrar starfsgetu.

Eftir 40 ára uppbyggingu sker íslenska lífeyriskerfið sig frá öðrum sambærilegum kerfum innan OECD hvað varðar stærð í hlutfalli við landsframleiðslu og hversu hátt hlutfall heildarlífeyrisgreiðslna kemur frá lífeyrissjóðum. Hins vegar koma mjög víðtækar tekjutengingar í almannatryggingakerfinu í veg fyrir að lífeyrisþegar njóti sjóðssöfnunar sem skyldi.

Útgjöld íslenska ríkisins til almannatrygginga eru með því lágsta sem þekkt innan OECD og ekki síst í samanburði við önnur Norðurlönd sem skýrist m.a af miklum tekjutengingum. Útgjöld hins opinbera til almannatrygginga eru aðeins um 2% af landsframleiðslu á meðan meðaltalið er um 7% innan OECD. Engu að síður eru lífeyrisgreiðslur hér á landi sem hlutfall af landsframleiðslu nálægt meðaltali OECD landanna.

Af þessu má sjá hvað íslenska lífeyriskerfið gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja fjárhagslega afkomu lífeyrisþega.

Alþjóðlegar stofnanir sem meta og koma að stefnumótun lífeyrismála leggja áherslu á að lífeyriskerfi séu byggð upp í anda þess íslenska og vara eindregið við gegnumstreymiskerfum m.a vegna þess að almennt eru þjóðir að eldast samfara fækkun fólks á vinnumarkaði.

Mikil áhersla er lögð á sjálfbærni lífeyriskerfa þ.e. að hver kynslóð fjármagni sín eftirlaun og kerfin sé þannig upp byggð að þau geti brugðist við breytingum á ytri aðstæðum án aðkomu stjórnvalda eða aðila vinnumarkaðarins. Í því sambandi er lögð áhersla á að lífeyriskerfin aðlagi sig að lýðfræðilegum breytingum eins og fækkandi barnsfæðingum og hækkandi lífaldri.

Sjálfbærni lífeyriskerfa byggir m.a á að reyna að bregðast við því ókomna ekki síst vegna þess að það tekur heilan starfsaldur að byggja upp lífeyriskerfi sem grundvallast á sjóðssöfnun.

Mikilvægur þáttur í sjálfbærni er að aldraðir fjármagni sem mest þá þjónustu sem þeir þarfnast með samtímasköttum. Skattlagning á inngreiðslur iðgjalda gengur gegn þessu mikilvæga markmiði og því ber hafna slíkum hugmyndum.

Íslenska samfélagið býr við þau forréttindi að barnsfæðingar eru með því hæsta sem þekkt í nágrannalöndunum og þjóðin er tiltölulega ung. Þetta mun hins vegar breytast og hlutfall þeirra sem verða á eftirlaunum mun hækka hratt næstu áratugina.

Lífeyrissjóðir sem aðlaga sig ekki að breyttum ytri aðstæðum s.s hækkandi lífaldri verða að jafna á milli skuldbindinga og eigna með skerðingu réttinda eða hækkun iðgjalda. Frammi fyrir þessu standa íslenskir lífeyrissjóðir þar sem skuldbindingar hafa vaxið hraðar en eignir síðustu ár m.a vegna vaxandi skuldbindinga sem stafa af lengingu meðalævi Íslendinga.

Í ljósi þessara staðreynda er mikilvægt að fram fari umræða um með hvaða hætti brugðist verði við. Þær leiðir sem valdar verða mega ekki leiða til þess að fólk fari fyrir út af vinnumarkaði og taki lífeyrir frá almannatryggingum fyrir en ella.

Íslenska lífeyriskerfið samanstendur af þremur megin stoðum, almannatryggingum, lífeyrissjóðum og séreignarsparnaði. Þessar þrjár stoðir eiga sameiginlega að tryggja efnahagslega afkomu lífeyrisþega. Miðað við hvað það er stutt síðan farið var að greiða iðgjald af öllum tekjum á almennum vinnumarkaði og hvað iðgjaldið er lágt hlutfall af launum má ljóst vera að almannatryggingar munu gegna mikilvægu hlutverki í að tryggja lífeyrisþegum ásættanlegan lífeyri næstu áratugina.

Mikilvægt er að tekjutengingar almannatrygginga séu með þeim hætti að það sé skýr ávinningur af því að greiða í lífeyrissjóði og þær gangi ekki gegn því grundvallar markmiði að tryggja öllum lífvænlega afkomu.

Miklir jaðarskattar sem eru á bilinu 60-70% sem hljóttast af miklum tekjutengingum og almennri skattlagningu eru óásættanlegir en við það búa margir lífeyrisþegar í dag.

Samspil bótaréttar almannatrygginga við aðrar tekjur lífeyrisþega eiga að vera hvetjandi til eigin sparnaðar og atvinnuþátttöku en ekki vinna gegn því. Miklar tekjutengingar ganga gegn þessu markmiði og geta leitt til þess að almenningur komi tekjum undan til að komast hjá skerðingum á bótum.

Bótaréttur almannatrygginga á að gegna því mikilvæga hlutverki að tryggja öllum fjárhagslega afkomu og í senn að vera hvati fyrir almenning að byggja upp sitt eigið fjárhagslega öryggi og vera virkur á vinnumarkaði.

Í þeirri mikilvægu endurskoðun sem nú stendur yfir á almannatryggingum er mikilvægt að hafa að leiðarljósi að verulega skortir á að lífeyrisþegar búi við fjárhagslegt öryggi. Mjög stutt er síðan að almenningur fór að greiða af öllum launum til lífeyrissjóða og það munu líða allt að tveir áratugir þar til áhrif þess koma að fullu fram í útgreiddum lífeyri.

Einnig ber að horfa til þess að hið opinbera hefur samið við sína starfsmenn um lífeyrisréttindi sem tryggir þeim 76% af meðallaunum meðan lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði tryggja 56%.